

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 05.02.2005
Tímasetning fundar: 14:00 – 16:00
Fundarstaður: Oddi, v/Suðurgötu, 101 Reykjavík

Stjórnarmenn / Fundarmenn:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (SA)	Formaður	Mætt
Kristín Ingimundardóttir (KI)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Ásdís Hjálmtýsdóttir (ÁH)	Meðstjórnandi	Fjarverandi

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Heimasíða Gígjunnar, www.gigjan.is

Smíði á nýrri heimasíðu fyrir Gígjuna, samband íslenskra kvennakóra er lokið. Heimasíðan er á netinu undir slóðinni; www.gigjan.is. HG hefur unnið að uppsetningu nýrrar síðu ásamt verktaka. HG kynnti síðuna og uppbyggingu hennar. Ennþá vantar mikið af efni inn á síðuna og unninn var verkefnalisti fyrir stjórnina til að vinna eftir á næstu dögum;

- Kynningartexti um Gígjuna (ábyrgð SA). Nauðsynlegt er að skrifa stuttan kynningartexta um samtökin til að hafa á forsiðu heimasíðunnar. Textinn þarf að bjóða lesendur velkomna og gefa upplýsingar um stofnun samtakanna og markmið þeirra.
- Safna myndum af öllum aðildarkórum Gígjunnar (ábyrgð SA, KI, HG, ÁHB og ÁH). Hausinn á heimasíðunni er hugsaður þannig að í hvert skiptið sem smelt er á valmynd á síðunni þá kemur inn ný mynd og skemmtilegast væri að til væru myndir af öllum aðildarkórum Gígjunnar. Stjórnarmeðlimir skulu hafa samband við sína kóra og biðja þá um að senda myndir á HG (heida@skyr.is) sem hægt er að setja inn á síðuna.
- Fundargerðir Gígjunnar (ábyrgð HG). HG mun endurskrifa fundargerðir Gígjunnar og koma þeim á samræmt snið. SA ber ábyrgð á því að prófarkalesa fundargerðirnar og sjá til þess að engum atriðum sé gleymt.
- Upplýsingar um hvern aðildarkór (ábyrgð SA, KI, HG, ÁHB og ÁH). Ákveðið að hafa samræmdar upplýsingar um kórana inn á síðunni; Nafn, heimilisfang, síma, netfang, heimasíðu, stofnár, stjórnandi, formaður, útgefnir geisladiskar. Tengiliðir kóra bera ábyrgð á því að kalla eftir þessum upplýsingum frá sínum kórum.
- Sögutexti um Gígjuna (ábyrgð KI). Ákveðið að leitast eftir því við Margréti Bóasdóttur að fá erindi hennar sem hún flutti á stofnfundi Gígjunnar. Einnig þarf að skrifa texta um undirbúning að stofnun Gígjunnar og setja hann undir liðinn Um Gígjuna á heimasíðuna.
- Tenglar (ábyrgð SA, KI, HG, ÁHB og ÁH). Undir hnappinn Tenglar vantar tengla, allir eru beðnir um að senda inn áhugaverða tengla.
- Auglýsing frá Jóni Karli í Úrval Útsýn (ÁH). Nauðsynlegt að fá niðurstöðu í það hvort Úrval Útsýn hefur áhuga á því að kaupa

auglýsingu á heimasíðunni. ÁH mun ganga í málið.

- Skrifa undir liðinn Á döfinni (ábyrgð KI og SA). Skrifa þarf fréttagreinar um kvennakóramótið erlendis (SA), kvennakóramótið í Hafnarfirði (KI) og ráðstefnuna (SA).
- Skrifa undir liðinn Fréttir (ábyrgð SA). Skrifa frétt um hugsanlegt samstarf Gígjunnar við Skálholtsútgefuna.

2. Drög að fréttabréfi til aðildarkóra Gígjunnar

Löngu er tímabært að koma út fréttabréfi en ennþá er beðið eftir upplýsingum frá Kvennakór Hafnafjarðar um landsmótið. Í fréttabréfinu sem senda þarf út í febrúar 2005 var ákveðið að fjalla um; Málþingið (fundinn með stjórnendum og stjórnnum allra aðildarkóranna), íslenska kóramótið, norræna kóramótið, útgáfumál, hugmyndir SA um stofnun sjóðs og fundar boð á næsta aðalfund Gígjunnar. Í fréttabréfinu þarf einnig að fjalla um nýju heimasíðuna og biðja aðildarkóra að lesa yfir síðuna og senda inn þær upplýsingar sem vantar. Senda inn myndir af kórunum til að hafa í haus síðunnar, senda geisladiska á HG til að hægt sé að setja upplýsingar um útgáfu kóranna á síðuna.

3. Boðun aðalfundar Gígjunnar

Ákveðið að boða aðalfund á kvennakóramótinu í Hafnarfirði. SA óskaði eftir því að KI kæmi því á framfæri við undirbúningsnefndina að fundinum yrði fundinn staður í dagskrá mótsins og fundarstaður (húsnæði). Senda þarf upplýsingar um lagabreytingar og hverjir eru að ganga úr stjórninni.

4. Málþing stjórnenda og stjórna aðildarkóra Gígjunnar

Ákveðið að bjóða menntamálaráðherra að vera viðstaddur málþingið. SA mun hafa samband við ráðuneytið og athuga hvort hún þekkist boðið og þá hvaða dagsetning hentar best. Þær sem helst koma til greina eru 25. febrúar, 4 mars og 11. mars. SA mun einnig hafa samband við aðra ræðuflytjendur. Búið er að fá Sönghúsið Domus Vox undir málþingið. Útvega þarf tæknibúnað (tölvu, skjávarpa, sjónvarp og myndbandstæki) Málið er í vinnslu.

Ákveðið að hafa næsta stjórnarfund hjá SA 14. febrúar 2005 kl. 20:00 á Bræðraborgarstíg 13, 101 Reykjavík.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 16:00.